

105

26. ágúst

AUGLÝSING

um bann við heyflutningum um landið, vegna borgfirzku sauðfjárveikinnar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 12, 12. maí 1937, um varnir gegn útbreiðslu borgfirzku sauðfjárveikinnar er bannað að flytja hey af svæði því, sem nær frá Héraðsvötnum vestur um land að varnargirðingu frá Bitrufirði í Gilsfjörð og þaðan suður og austur að Þjórsá, til landshluta utan þessa svæðis. Innan þessa svæðis er ennfremur bannað að flytja hey 1) austur yfir Blöndu, 2) austur yfir línuna Brúará—Hvítá—Ölfusá, 3) vestur yfir varnargirðingu á Snæfellsnesi og 4) norður yfir varnargirðingu milli Hrutafjarðar og Hvammsfjarðar.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum og skal með mál út af þeim fara sem almenn lögreglumál.

Jafnframt því sem þannig er bannaður allur heyflutningur af framan tilteknu svæði vestan Blöndu norðanlands og Brúará—Hvítár—Ölfusár sunnanlands yfir í aðra landshluta er hlutaðeigendum á þessu svæði bent á það til leiðbeiningar, að rétt er að varast heyflutninga úr sýktum og grunuðum sveitum í sveitir innan svæðisins, þar sem sýkinnar hefir ekki orðið vart, nema þá til fóðurs handa stórgrípum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. ágúst 1937.

Eysteinn Jónsson.

Vígfús Einarsson.

106

27. ágúst

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jónasar læknis Kristjánssonar og Hansínu Benediktsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. ágúst 1937. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónasar læknis Kristjánssonar og Hansínu Benediktsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jónasar læknis Kristjánssonar og Hansínu Benediktsdóttur“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1926 með kr. 716.45, sem allmargir skagfirzkir vinir Jónasar læknis Kristjánssonar á Sauðárkróki og konu hans, Hansínu Benediktsdóttur, færðu þeim að gjöf, þá er þau hurfu frá því ráði að flytja burtu úr Skagafirði til Vestmannaeyja, er læknirinn átti kost á að fá veitt Vestmannaeyjalæknishérað. Sjóðurinn er geymdur í Sparisjóði Sauðárkróks í sparisjóðsbók nr. 1921 og var í ársbyrjun 1937 kr. 1249.46.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks og skulu vextirnir lagðir við höfuðstólinn, auk annara innlaga, sem sjóðnum kunna að áskotnast, unz honum er varið samkvæmt tilgangi hans.